



Borgarráð

Svar við framhaldsfyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

Á fundi borgarráðs þann 29. ágúst 2019 var lögð fram svohljóðandi framhaldsfyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um úthlutunarreglur hjá Félagi eldri borgara:

„Svör við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutunarreglur hjá Félagi eldri borgara eru í mótsögn við það sem Ellert B. Schram, formaður Félags eldri borgara sagði í fréttum RÚV, 10. ágúst sl. en þar var haft eftir honum að reynt yrði að koma til móts við kaupendur með því að falla frá öllum kvöðum sem eru á íbúðunum. Var þá formaður Félags eldri borgara að fara með rangt mál í fréttum RÚV, eða var borgarstjóri hafður með í ráðum? Óskað er eftir skriflegu svari. “

Reykjavíkurborg hefur ekki borist beiðni frá Félagi eldri borgara um afléttingu á kvöðum sem hvíla á Árskógum 1-3. Berist slík beiðni verður hún lögð fyrir borgarráð til afgreiðslu.

Óli Jón Hertervig